



NÁTTÚRUSTOFA  
SUÐAUSTURLANDS

## Ársskýrsla 2015



© 2016 Náttúrustofa Suðausturlands

Allur réttur áskilinn

Ritstjóri: Kristín Hermannsdóttir.

Texti: Kristín Hermannsdóttir, Snævarr Guðmundsson og Rögnvaldur Ólafsson.

Ljósmyndir: Davíð Arnar Stefánsson (DAS)

Em Jackson (MJ)

Jóhann Helgi Stefánsson (JHS)

Kristín Hermannsdóttir (KH)

Snævarr Guðmundsson (SG)

Forsíðumynd: Frá Breiðamerkursandi. Ljós.: Snævarr Guðmundsson.

Prentun: Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja

Útgefandi: Náttúrustofa Suðausturlands,

Litlubru 2, 780 Höfn í Hornafirði,

Sími: 470 8060

Útgáfa: Maí 2016

## EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit.....	3
Formáli.....	5
Skýrsla stjórnar .....	6
Um Náttúrustofu .....	7
Starfsmenn .....	8
Stiklur úr starfsemi – Verkefni.....	9
Fjárhagur .....	16
Erindi og kynningar.....	17
Útgáfa, greinargerðir og ráðstefnur .....	18
Ritrýndar greinar .....	18



## FORMÁLI

Árið 2015 var þriðja starfsár Náttúrustofu Suðausturlands. Stofan var sett á laggirnar 2013 og hófust störf um mitt það ár. Verkefni á árinu voru fjölmörg en auk þess hefur starfsfólkið reynt að skapa Náttúrustofunni sess í samfélaginu. Einnig var lagt kapp á að afla fjárstyrkja fyrir ýmis verkefni svo að starfsmenn stofunnar geti áfram verið að minnsta kosti tveir.

Þessi þrjú ár sem stofan hefur starfað hafa verið lærdómsrík. Stofan hefur sífellt verið að skapa sér meiri sess innan Nýheima og í samfélaginu öllu.

Verkefnum ársins má skipta í tvo flokka: a) rannsóknarverkefni og önnur gagnaöflun/söfnun og b) kynningar, ráðgjöf og styrkjaumsóknir. Rannsóknarverkefni voru m.a. tengd jöklum, fiðrildum, beitarlandi, lífríki við ána Míganda, gæsum og stjörnum, eða tengt þekkingu og færni starfsmanna náttúrustofu. Kynningar voru þónokkrar á vegum náttúrustofu: Í Nýheimum t.d. á Náttúrustofuþingi, Rannsóknarþingi og við móttöku skólahópa, í Reykjavík á ráðstefnu um myrkurgæði, í Gunnarsholti á málþingi um gæsir og á Kirkjubæjarklaustri á ársfundi stofunnar svo nokkur dæmi séu tekin.

Á Náttúrustofunni er unnið að fjölmörgum verkefnum á sviði rannsókna, ráðgjafar og fræðslu og má sjá nánar um flest þeirra í ársskýrslunni hér á eftir.

Það er von mín að þeir er skýrsluna lesa verði einhvers vísari um starfsemi Náttúrustofu Suðausturlands á árinu 2015.



---

Kristín Hermannsdóttir

forstöðumaður, 28. apríl 2016

## SKÝRSLA STJÓRNAR

Árið 2015 var þriðja starfsár Náttúrustofu Suðausturlands. Að stofunni standa Sveitarfélagið Hornafjörður og Skaftárhreppur. Samkvæmt samstarfssamningi sveitarfélaganna bar Sveitarfélagið Hornafjörður ábyrgð á rekstri Náttúrustofunnar árin 2013—2015 og greiddi mótframlag til rekstursins samkvæmt samningi við Umhverfissráðuneytið. Á árinu 2016 mun Skaftárhreppur greiða mótframlagið til jafns við Hornafjörð og er þá gert ráð fyrir að stofan hafi starfsmann á Kirkjubæjarklaustri. Það er stórt og þýðingarmikið skref í starfsemi Náttúrustofunnar.

Starfið gekk vel árið 2015 og verkefni voru fjölbreytt eins og sjá má í ársskýrslu Náttúrustofunnar. Verkefnum sem hófust árin 2013 og 2014 var haldið áfram og ný bættust við. Gott og áhugavert dæmi er verkefnið Áningarstaðir og útskot sem styrkt var af Vegagerðinni. Í því voru unnar tillögur að áningarstöðum við Þjóðveg 1 sem miða að því að ferðafólk njóti sem best hinnar fögru náttúru á Suðausturlandi. Í apríl var haldið náttúrustofuþing á Höfn á vegum Samtaka náttúrustofa. Þema þingsins var fuglar og samstarf áhuga- og fræðimanna um rannsóknir á fuglum. Þingið var vel sótt og vel heppnað og vakti áhuga á einstöku fuglalífi á svæðinu og samstarfi Náttúrustofunnar við áhugafólk um fugla á Höfn.

Starfslið var óbreytt frá fyrra ári, Kristín Hermannsdóttir er forstöðumaður og Snævarr Guðmundsson sviðsstjóri. Auk þeirra störfuðu tveir ungir vísindamenn við stofuna um sumarið. Samstarf við ungt fólk og aðra vísindamenn er mikilvægur þáttur í starfsemi Náttúrustofunnar og gott samstarf er við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu, Grunnskóla Hornafjarðar, Vatnajökulspjóðgarð og stofnanir sem staðsettar eru í Nýheimum. Þá hefur verið ágætt samstarf við aðrar náttúrustofur á landinu og er Kristín nú formaður Samtaka náttúrustofa. Eins og sjá má í ársskýrslunni fluttu Kristín og Snævarr fjölmörg erindi og kynningar á árinu, bæði á vettvangi vísinda og almennings. Ég vil fyrir hönd stjórnar Náttúrustofunnar þakka starfsfólki fyrir gott og árangursríkt starf árið 2015 og einstaklega ánægjulega samvinnu.

28. apríl 2016

Rögvaldur Ólafsson

Formaður stjórnar



*Nýheimar – Litlubrú 2, 780 Höfn Hornafirði*

## UM NÁTTÚRUSTOFU

Náttúrustofa Suðausturlands er rannsóknastofnun á sviði náttúrufræða sem staðsett er á Hornafirði. Hún er ein af átta náttúrustofum sem starfræktar eru á Íslandi og starfar samkvæmt lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Náttúrustofurnar hafa allar sömu lögbundnu hlutverkum að gegna en starfa á mismunandi landssvæðum. Starfssvæði Náttúrustofu Suðausturlands nær frá Mýrdalssandi í vestri (Blautukvís) og austur í Hvalnesskriður en einnig vinnur stofan að verkefnum sem eru utan þess landsvæðis.

Náttúrustofurnar er aðilar að Samtökum náttúrustofa (SNS), en samtökin eru samstarfsvettvangur þeirra. Samtökunum er ætlað að efla samstarf náttúrustofa og vinna að hagsmunamálum þeirra. SNS hefur staðið fyrir árlegum náttúrustofuþingum sem náttúrustofurnar skiptast á að halda. Árið 2015 var Náttúrustofuþingið haldið á Höfn í Hornafirði.

Að Náttúrustofu Suðausturlands standa Sveitarfélagið Hornafjörður og Skaftárhreppur. Gerður var samstarfssamningur um reksturinn milli sveitarfélagana þess efnis að Sveitarfélagið Hornafjörður beri ábyrgð á rekstri náttúrustofunnar árin 2013-2015 og greiði mótframlag til rekstursins samkvæmt samningi við Umhverfisráðuneytið. Að samningstíma loknum mun Skaftárhreppur axla ábyrgð til jafns við Hornafjörð nema um annað sé samið.

Árið 2015 var náttúrustofan með skrifstofu á Háskólagangi í Nýheimum, Litlubrú 2 á Höfn í Hornafirði, en flutti sig um set yfir á Frumkvöðlagang um áramót 2015-2016. Í Nýheimum eru einnig Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Hornafjarðarsöfn, Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu, Háskólasetur Hornafirði, Háskólafélag Suðurlands, Fræðslunet Suðurlands, Nýheimar Þekkingarsetur, Samband sunnlenskra sveitarfélaga, Ríki Vatnajökuls og Skólaskrifstofa Hornafjarðar.

Stjórn stofunnar er skipuð þremur mönnum, tveimur af Sveitarfélaginu Hornafirði og einn af Skaftárhreppi. Stjórnin er kosin til fjögurra ára í senn og skal kjör stjórnar jafnan fara fram í upphafi nýs kjörtímabils sveitarstjórna. Núverandi stjórn er þannig skipuð; Dr. Rögnvaldur Ólafsson, dósent við eðlisfræðiskor HÍ, stjórnarformaður, ritari Rannveig Ólafsdóttir líffræðingur og meðstjórnandi Björn Ingi Jónsson bæjarstjóri Hornafirði. Varamenn eru: Steingerður Hreinsdóttir Selfossi, Þórhildur Ásta Magnúsdóttir landvörður Hornafirði og Þorbjörg Ása Jónsdóttir Prestbakka Kirkjubæjarklaustri.

Árið 2015 voru haldnir fjórir stjórnarfundir í allt.

Náttúrustofa heldur úti heimasíðu (natts.is) og á einnig síðu á Facebook þar sem settar eru inn upplýsingar um verkefni og viðburði. Hönnun á merki og uppsetning á heimasíðunni var í höndum Dimms.is.

## STARFSMENN



Forstöðumaður er Kristín Hermannsdóttir Cand. Scient í veðurfræði frá Universitetet i Bergen í Noregi. Hennar helstu hlutverk eru daglegur rekstur, fjármálastjórn, uppbygging stofunnar m.a. með fjár- og verkefnaöflun. Samhliða því vinnur Kristín að ýmsum verkefnum Náttúrustofunnar.



Sviðsstjóri er Snævarr Guðmundsson, B.S. náttúrufræðingur og M.Sc. í jarðfræði frá Háskóla Íslands. Hann annast ýmis verkefni á náttúrustofu, þ. á. m. kortagerð, jöklamælingar, ýmsar jarðfræðirannsóknir og stjörnuathuganir.

**Sumarið 2015 störfuðu tveir sumarstarfsmenn á náttúrustofu.**

Jóhann Helgi Stefánsson, B.S. landfræðingur frá Háskóla Íslands. Hann vann að rannsóknarverkefni tengt ástandi beitarlands auk þessa að koma að ýmsum öðrum verkefnum.




Herdís Ólína Hjörvarsdóttir, B.S. líffræðingur frá Háskóla Íslands. Hennar rannsóknarverkefni var tengt grunnrannsókn á lífríki við Míganda í Skarðsfirði auk þess sem hún kom lítillega að ýmsum öðrum verkefnum.



## STIKLUR ÚR STARFSEMI – VERKEFNI

## Sporðamælingar skriðjökla


Árið 2013 tók Náttúrustofa Suðausturlands tók við sporðamælingum á skriðjöklum sem Kvískerjabræður höfðu sinnt um langt skeið. Jöklarnir eru Kvíárjökull, Hrutárjökull, Fjallsjökull og Breiðamerkurjökull, vestan Jökulsárlóns. Veturinn 2015 tók stofan síðan við að sinna sporðamælingum við austanverðan Breiðamerkurjökul, af Fjölni Torfasyni á Hala. Sporðastaðan er mæld á haustin hvert ár. Niðurstöður eru m.a. sendar til Veðurstofu Íslands en starfsmenn þar hafa yfir umsjón með sporðamælingum á íslenskum jöklum. Niðurstöðurnar hafa sömuleiðis verið birtar á heimasíðu Náttúrustofu Suðausturlands, *natts.is*. Frá árinu 2013 hefur sporðastaða annarra jökla í sýslunni verið hnitaðir af gervitungla-myndum. Þessir jöklar eru Skálafellsjökull, Heinabergsjökull, Fláajökull, Hoffellsjökull og Lambatungnajökull.



Sporður Kvíárjökuls séður úr flugi haustið 2014. Ljós. SG.

## Esjufjallarönd

Náttúrustofan fékk birta frétt í Morgunblaðinu um breytingar við Jökulsárlón sem hafa verið að eiga sér stað. Í könnunarflugi yfir Breiðamerkurjökli, haustið 2014, sást að örar breytingar á jöklinum upp af Jökulsárlóni hafa valdið því að Esjufjallarönd hefur á nokkrum árum sveigst verulega til austurs. Röndin er urðarrani frá Esjufjöllum, á mótum mið- og austurarms Breiðamerkurjökuls. Austurarmurinn skriður niður rennu sem nær 200–300 m niður fyrir sjávarmál og er Jökulsárlón fremsti hluti hennar. Kelfingin og lækkun jökulsins upp af lóninu veldur því að aukinn hluti Breiðamerkurjökuls hnígur í áttina að Jökulsárlóni. Austurhluti miðstraumsins sækir því inn að dæld upp af lóninu og sveigir um leið röndina austur. Fremsti hluti urðarranans liggur kyrr á föstu landi og því myndast hlykkur á röndina. Ef fram vindur sem horfir er líklegt að Esjufjallarönd verði farin að brotna í lónið að nýju, að nokkrum árum liðnum.



Hlykkur á Esjufjallarönd. Rauða beltið sýnir hvar röndin var árið 2004.

### Kuðungar við Jökulsárlón

Veturinn 2015 fann starfsmaður Náttúrustofu fjölda kuðungaskelja við sunnanvert Jökulsárlón. Þeir ganga undir heitinu Vængbarði (*Aporrhais pespelecani*) en á ensku pelíkans-fóturinn. Kuðungar sömu tegundar hafa oft fundist þarna í gegnum tíðina. Kuðungarnir lifa nú í austanverðu Atlantshafi, suður til Miðjarðarhafs en hafa einnig fundist undan Suðurlandi. Þeir lifa því í almennt hlýrri sjó en hér við land. Aldurgreiningar með geislakolsaðferð, hafa sýnt að þeir eru eldri en 5000 ára. Þær eru vísbending um að eitt sinn náði sjór lengra inn í landið þar sem nú er Breiðamerkursandur eftir síðasta jökulskeið ísaldar. Til stendur að aldursgreina þessa einstaklinga til samanburðar.



Vængbarði (*Aporrhais pespelecani*). Ljós. MJ, 2016.

### Fiðrildavöktun

Sumarið 2015 voru þrjár fiðrildagildir í gangi á vegum náttúrustofu í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Tvær gildir eru í Einarslundi við Hornafjörð og ein í Mörtungu í Skaftárhreppi. Þann 16. apríl var kveikt á gildrunum en fyrstu fiðrildin komu í þær í byrjun júní. Flest voru í henni við vitjun í lok ágúst. Umsjón með gildrunum er í höndum Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands. Nokkrir flækingar bárust til stofunnar á árinu, þar af einn kóngasvarmi sem fannst í Skaftafelli síðla sumars.



Kóngasvarmi, líkt og sá sem fannst í Skaftafelli 2015, með vænghaf allt að 12 cm.

### Kortagerð – lausar lóðir



Náttúrustofan gerði mynd fyrir Sveitarfélagið sem sýnir lausar lóðir á Höfn. Lóðirnar eru á leirunum og hafa verið auglýstar fyrir uppbyggingu íbúðahúsnæðis.

### Náttúrustígur

Líkan af sólkerfinu var sett upp á göngustíg vestan byggðar á Höfn í Hornafirði, sumarið 2014. Verkefnið var styrkt af Vinum Vatnajökuls og Atvinnu- og rannsóknarsjóði Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Vorið 2015 þurfti að endurnýja sólina, sem hafði „sprungið“ þá um veturinn og smíða nýja Jörð en henni hafði verið stolið. Haustið 2015 var útbúinn reitur við stíginn þar sem settir verða stórir steinar héðan og þaðan frá Suðausturlandi og sem verða vitnisburður um þær bergtegundir sem er að finna í sveitarfélaginu.



*Sjónvarpsstöðin N4 heimsótti Náttúrustíginn haustið 2015. Hér myndar myndatökumaður „Jörðina“. Ljós.: KH.*

### Jöklastígur- endurnýjun skilta við Fláajökul

Náttúrustofan kom að endurnýjun skilta við Fláajökul en þau greina frá umbótum á varnargarði sem settur var upp á 20. öld til þess að halda jökulsánni Hólmsá í föstum farvegi. Skiltin voru sett upp vorið 2015 en síðan fjarlægð, þar sem ekki var sátt um þau hjá landeigendum.

*Göngubrúin yfir Hólmsá, við Fláajökul. Ljós.: SG.*



### Ágangur gæsa í ræktarlönd á Suðausturlandi

Styrkur frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins fékkst til að áætla uppskerutap vegna ágangs gæsa í ræktarlönd á Suðausturlandi. Verkefnið var unnið í samstarfi við Fuglaathugunarstöð Suðausturlands, Búnaðarsamband Suðurlands og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Settir voru út friðaðir reitir á 6 tún og viðmiðunarreitir sem fuglar komust að. Einnig voru fuglar taldir nokkrum sinnum á sömu túnum um vorið. Niðurstöður sýndu uppskerumismun að meðaltali 985 kg af þurrefni á hektara, eða 33% minni þar sem fuglarnir bitu túnin. Með kostnaðar útreikningum má sjá að mismunur í uppskeru kostaði að meðaltali 36.218 krónur á hektara.



*Uppskorið úr tilraunareit sumarið 2015. Ljós.: KH.*

### Samstarf við FAS og Grunnskóla Hornafjarðar

Líkt og undanfarin haust tók Náttúrustofa Suðausturlands þátt í vettvangsferð Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) á Skeiðarársand að fylgjast með ástandi gróðurs í fimm reitum. Í reitunum eru birki- og víðiplöntur auk lággróðurs og mælt er árlega og breytingar bornar saman við fyrri gögn.

Í samstarfi við Grunnskóla Hornafjarðar tók Náttúrustofa Suðausturlands þátt í starfskynningum nemenda úr 10. bekk og kom einn nemandi á stofuna árið 2015 að kynna sér starf náttúrufræðinga.

*Hæð birkitrés mælt á Skeiðarársandi. 1. september 2015. Ljós.: KH.*



### Náttúrustofuþing, dagur íslenskrar náttúru og rannsóknarþing Nýheima

Þann 8. apríl var haldið náttúrustofuþing á Höfn í Hornafirði á vegum Samtaka náttúrustofa. Þema þingsins var fuglar með sérstaka áherslu á samstarf áhuga- og fræðimanna sem sinna athugunum og rannsóknum á fuglum á Íslandi. Sóttu 40 manns þingið. Á degi íslenskrar náttúru, 16. september stóð náttúrustofan ásamt Gestastofu Vatna-jökulspjóðgarðs fyrir flutningi á fræðsluerindum um Holuhraun, en þá var rúmt ár síðan þar hófst eldgos. Í nóvember var haldið rannsóknarþing Nýheima og tóku starfsmenn náttúrustofu þátt í því með flutningi tveggja erinda.



*Sólarlag á Hornafirði, 13. nóvember 2015. Ljós.: KH.*

### Líf og land á Breiðamerkursandi

Starfsfólk Náttúrustofunnar tekur þátt í viðamiklu rannsóknarverkefni sem verið er að hrinda af stað, í samstarfi við Rannsóknarsetur Háskólans á Höfn í Hornafirði, Háskóla Íslands, Háskólann á Hólum og Veiðimálastofnun. Markmiðið er að skoða framvindu lífríkis í ljósi hopandi jökla. Við það að jökla leysir kemur nýtt land í ljós sem lífverur síðan nema.

*Seiði úr einu vatni á Breiðamerkursandi, 10. ágúst 2015. Ljós.: KH.*



**Morsárjökull**

Starfsmenn Náttúrustofu og Nýheima, Snævarr Guðmundsson og Davíð Arnar Stefánsson tóku þátt í ferð á Morsárjökul í byrjun september 2015. Þar féll feiknarleg bergskriða á jökulinn, veturinn 2007.

Jarðfræðingar frá Náttúrustofu Suðurlands og Jarðvísindastofnun hafa mælt skriðuna á hverju ári og fylgst með þróuninni. Holur voru boraðar á tveim stöðum sunnan við skriðuna og mælivírar settir í til að meta bráðnunarferlið. Jafnframt var genginn jaðar skriðunnar til þess að fylgjast með hreyfingu hennar. Athugunum verður haldið áfram árið 2016.



Útsýni frá Morsársjökli, 2. september 2015. Ljós.: DAS.


**Stjörnuathuganir**

Meðal verkefna sem starfsmaður Náttúrustofu hefur sinnt yfir vetrarmánuðina er vöktun á breytistjörnum. Mælingar á breytilegum birtustyrk myrkvastjarna (ein gerð breytistjarna) eru bornar saman við reiknaða spátíma, í leit að lotubundnu tímafráviki. Þessi gerð stjarnmælinga eru nefndar O-C athuganir og þær eru einnig gerðar á spátíma á þvergöngum fjarreikistjarna. Tilgangurinn er að leita merkja um aðrar reikistjörnur eða daufar sólstjörnur sem ekki koma fram með sjónrænum athugunum en hafa engu að síður áhrif á umrædd stjörnukerfi. Mælingar af þessu tagi krefjast fastrar aðstöðu og því var sett upp stjörnustöð á Höfn, sem komst í gagníð í febrúar 2014. Árið 2015 voru einnig gerðar mælingar á svokölluðum sefita-stjörnum í lausþyrpingunni NGC 7790.

Þann 26. nóvember var haldið opið hús í stjörnuturninum fyrir almenning. Stjörnumerki og tunglið var skoðað með berum augum og nokkur djúpfyrirbæri með handkíkjum og stjörnusjónaukum. Fólk á öllum aldri kíkti í heimsókn og var ánægt með viðburðinn.


Efri myndin er ferilrit fyrir myrkvastjörnuna V 523 CAS í stjörnumerkinu Kassíópeiu.

Neðri myndin: Áhrif þvergöngu fjarreikistjörnunnar HAT-P-9b fyrir móðurstjörnu sína er örtilil ljósbreyting.



## Áningarstaðir og útskot

Náttúrustofa Suðausturlands vann verkefni, sem styrkt var af Vegagerðinni, um áningarstaði við hringveginn á Suðausturlandi. Markmiðið var að draga saman tillögur að næstu tíu mögulegum áningarstöðum og hugmynd að þematengingu þeirra og annarra sem fyrir eru á þeim vegkafla. Á Suðausturlandi er ein fegursta vegleið á Íslandi vegna fjölbreytileika lands og stórbrotins útsýnis til fjalla og jökla. Með áherslutengdum áningarstöðum getur þessi hluti hringvegarins tekið að sér hlutverk útsýnis- eða ferðamannavegar án þess að koma niður á umferðaröryggi eða kosta þurfi miklum fjármunum til. Það má reyna að draga úr þeirri hættu sem skapast hefur undanfarin ár hefur vegna þess að ferðamenn stöðva bíla á vegi eða vegöxl til þess að taka myndir. Þar vinni saman akstursöryggi á hringveginum en jafnframt að auka við ánægju ferðalanga af vegleiðinni sjálfri. Áherslurnar skyldu taka mið af því sem höfðar til ferðamanna, t. d. áhugavert myndefni við hringveginn, athyglisverðar jarðmenjar, lífríki og menning.



Áningarstaðir við hringveginn árið 2015. Úr skýrslu um verkefnið.

## Sólmyrkvinn

Þann 20. mars 2015 var deildarmyrkvi á sól sjáanlegur frá Íslandi. Á þeim tíma var almyrkvi í hafinu austan Íslands, m. a. sjáanlegur frá Færeyjum og Svalbarða. Í almyrkva hylur tunglið sólina alla. Skugginn er hins vegar afmarkaður og utan hans sjá athugendur svonefndan deildarmyrkva, þ. e. sólin hylst ekki öll bak við tunglið. Litlu munaði þó og frá Hornafirði varð 99,4% sólar hulinn þegar myrkvinn náði hámarki. Í tilefni atburðarins ákvað Náttúrustofa Suðausturlands í samstarfi við Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness að gefa nemendum og öllu starfsfólki í Grunnskóla Hornafjarðar og Kirkjubæjar-skóla svokölluð sólmyrkvargleraugu.

Afar gott veður var á meðan þessum atburði stóð og nutu nemendur og kennara myrkvans með öruggum augum.



Sólmyrkvargleraugu í notkun á Höfn, 20. mars 2016. Ljós.: KH.

### Mígandi í Skarðsfirði

Sumarið 2015 voru gerðar grunnrannsóknir á lífríki Míganda með áherslur á vatnalífið í ánni, gróðurþekju við farveginn, ífánu leirunnar sem áin rennur í, grunnmælingar í vatninu, svo sem sýrustig, leiðni og seltu, ásamt fuglatalningum í Skarðsfirði.

Helstu niðurstöður sýna að botndýralíf einkenndist á rykmýi og tegundum sem flestar eru aðlagðar lygnum búsvæðum. Blaðgræna botnþörungna var lítil. Gróðurþekja var metin og tegundafjölbreytileiki plantna skráður. Ífánan í árósum var einsleit eins og við mátti búast vegna erfiðra ísalta aðstæðna. Leiðni í ánni var í hærra lagi miðað við dragár. Fuglalífið er gífurlega mikið og fjölbreytt og dreifðist misjafnlega um fjörðinn.



*Jón S. Ólafsson og Herdís Ólína Hjörvarsdóttir að taka botnsýni úr Míganda, 11. ágúst 2015. Ljós.: KH*

### Ástand beitarlands

Sumarið 2015 var ráðist í verkefni sem tengist mati á gróðri á beitar svæðum. Rannsókn var gerð á gróðurfari í Endalausadal í Lóni með það fyrir augum að skoða þekju og tegundir gróðurs. Landið var metið samkvæmt leiðbeiningum frá Landgræðslu ríkisins og markmiðið var að skoða hvort sú landnýting sem stunduð er á svæðinu geti talist sjálfbær landnýting. Unnið er að skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.




*Gróður metinn í Endalausadal 7. júlí 2015. Ljós.: JHS*


## FJÁRHAGUR

Bókhaldsstofan ehf Hornafirði annast bókhalds- og launavinnslu auk endurskoðun, reikningskil og skattskil fyrir Náttúrustofu Suðausturlands.

Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofunnar fyrir rekstrarárið 2015 námu heildarrekstrartekjur 27,4 millj. króna. Afkoma af rekstri Náttúrustofunnar var neikvæð um 1,9 millj. króna og var sú upphæð færð til lækkunar á eigin fé stofunnar. Þess ber að geta að styrkir úr verkefnasjóðum námu um 3. milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikning námu eignir Náttúrustofunnar tæpum 18 millj. krónum og bókfært eigið fé var 15,4 millj. krónur. Nánari upplýsingar um fjárhag Náttúrustofunnar má finna í ársreikningi hennar.



*Hlutfallsleg skipting tekna Náttúrustofu Suðausturlands 2015.*



*Hlutfallsleg skipting útgjalda Náttúrustofu Suðausturlands 2015.*



## ERINDI OG KYNNINGAR

20. febrúar 2015. Snævarr Guðmundsson flutti hádegiserindi í Nýheimum um stjörnur og stjörnuathuganir.
27. febrúar 2015. Snævarr Guðmundsson: Quality of darkness - Mapping the Light Pollution of Reykjavík and in Iceland. Erindi flutt á ráðstefnunni Dynamics of the darkness in the North, haldið í Reykjavík.
17. mars 2015. Snævarr Guðmundsson: Stjörnufræðifyrirllestur í Giljaskóla í Vogey, Færeyjum, í tengslum við sólmyrkvann 20. mars 2016. Haldinn í Færeyjum.
23. mars 2015. Róbert Arnar Stefánsson, Böðvar Þórisson, Ingvar A. Sigurðsson, Jón. Á. Jónsson, Kristín Hermannsdóttir, Sunna Ragnardóttir og Þorkell L. Þórarinsson: Vöktunarverkefni náttúrustofa. Erindi flutt á ársfundi Náttúrufræðistofnunar Íslands á Hótel Reykjavík Natura.
10. apríl 2015. Kristín Hermannsdóttir: Ágangur gæsa á ræktarlönd. Erindi flutt á málþingi í Gunnarsholti á vegum Umhverfisstofnunar og Bændasamtaka Íslands.
16. apríl 2015. Snævarr Guðmundsson: Glacier changes as responses of climate changes. Erindi um áhrif loftslagsbreytinga á jökla, fyrir Jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna.
16. apríl 2015. Kristín Hermannsdóttir: Climate changes and their influence. Erindi um loftslagsbreytingar haldið fyrir Jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna.
29. apríl 2015. Kristín Hermannsdóttir: Náttúrustígur á Höfn í Hornafirði. Erindi haldið á ársfundur Náttúrustofu Suðausturlands á Kirkjubæjarklaustri.
29. apríl 2015. Snævarr Guðmundsson: Jöklar á hverfanda hveli. Erindi haldið á ársfundi Náttúrustofu Suðausturlands á Kirkjubæjarklaustri.
29. apríl 2015. Snævarr Guðmundsson: Svólítið um stjörnur. Erindi haldið á ársfundi Náttúrustofu Suðausturlands á Kirkjubæjarklaustri.
29. apríl 2015. Rögnvaldur Ólafsson: Um Náttúrustofu Suðausturlands. Erindi haldið á ársfundi Náttúrustofu Suðausturlands á Kirkjubæjarklaustri.
2. júlí 2015. Kristín Hermannsdóttir: Climate changes and their influence. Erindi um loftslagsbreytingar haldið fyrir Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna.
2. júlí 2015. Snævarr Guðmundsson: Glacier changes as responses of climate changes. Erindi um áhrif loftslagsbreytinga á jökla, fyrir Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna.
11. september 2015. Snævarr Guðmundsson: Glacier changes as responses of climate changes. Erindi um loftslagsbreytingar haldið fyrir Umhverfis- og auðlindafræði Háskóla Íslands.
11. september 2015. Kristín Hermannsdóttir: Climate changes and their influence. Erindi um loftslagsbreytingar haldið fyrir Umhverfis- og auðlindafræði Háskóla Íslands.
8. október 2015. Kristín Hermannsdóttir: Erindi um náttúrustofu - rekstur og verkefni stofunnar. Haldið fyrir Eistlendinga sem starfa í stjórnsýslumálum og heimsóttu Sveitarfélagið Hornafjörð í nokkra daga.

8. október 2015. Kristín Hermannsdóttir: Fjallaveður og ýmislegt annað veður. Erindi haldið fyrir Björgunarfélag Biskupstungna í Reykholti í Biskupstungum.

29. október 2015. Snævarr Guðmundsson: Áningarstaðir og örugg vegútskot á Suðausturlandi, með áherslu á náttúruferðir og myndrænt svipmót. Erindi flutt Ráðstefnu Vegagerðarinnar í Hörpu í Reykjavík.

20. nóvember 2015. Snævarr Guðmundsson: Breytingar á Breiðamerkurjökli frá lokum 19. aldar, í ljósi gamalla mynda. Erindi flutt á Haustráðstefnu Jarðfræðifélags Íslands 2015.

26. nóvember 2015. Kristín Hermannsdóttir: Yfirlit yfir valin verkefni Náttúrustofu. Erindi flutt á Rannsóknarþingi Nýheima á Höfn í Hornafirði.

26. nóvember 2015. Snævarr Guðmundsson: Fjarlægðarmæling fastastjörnu, og Breiðamerkurjökull frá lokum 19. aldar, í ljósi gamalla mynda. Erindi flutt á Rannsóknarþingi Nýheima á Höfn í Hornafirði.

12. desember 2015. Snævarr Guðmundsson: Fjarlægðarmæling 61 Cygni. Erindi haldið fyrir Stjarnvísindafélag Íslands í Reykjavík.

## ÚTGÁFA, GREINARGERÐIR OG RÁÐSTEFNUR

Grétar Már Þorkelsson, Guðni Þorvaldsson, Jóhann Helgi Stefánsson, Jónatan Hermannsson & Kristín Hermannsdóttir (2015). *Uppskerutap vegna ágangs gæsa í ræktarlönd og eftirlíking gæsabeitar á bygg að vori*. Útg. af Náttúrustofu Suðausturlands, apríl 2015. NattSA 2015-01.

Kristín Hermannsdóttir, Snævarr Guðmundsson & Rögnvaldur Ólafsson (2015). *Ársskýrsla-2014*. Útg. af Náttúrustofu Suðausturlands, maí 2015.

Jóhann Helgi Stefánsson, Kristín Hermannsdóttir & Snævarr Guðmundsson (2015). *Helsingjar í Austur-Skaftafellssýslu – stofnstærð og varpútbreiðsla 2014*. Útg. af Náttúrustofu Suðausturlands, desember 2015. NattSA 2015-02.

Kristín Hermannsdóttir, Grétar Már Þorkelsson, Björn Gísli Arnarson, Guðni Þorvaldsson, Jóhann Helgi Stefánsson, Herdís Ólína Hjörvarsdóttir & Snævarr Guðmundsson (2015). *Uppskerutap vegna ágangs gæsa í ræktarlönd í Austur-Skaftafellssýslu 2015*. Útg. af Náttúrustofu Suðausturlands, desember 2015. NattSA 2015-03.

## RITRÝNDAR GREINAR

Ciaran R., I. Willis, N. Arnold, S. Guðmundsson (2015). *A semi-automated method for mapping glacial geomorphology tested at Breiðamerkurjökull, Iceland*. Remote Sensing of Environment 163 (2015) 80–90. Slóð: <http://www.sciencedirect.com/>



NÁTTÚRUSTOFA  
SUÐAUSTURLANDS

## Skrifstofa

Litlubru 2

780 Höfn í Hornafirði

Sími: 470 8060 / 470 8061

Heimasíða: [www.nattsa.is](http://www.nattsa.is)

Netfang: [info@nattsa.is](mailto:info@nattsa.is)